

Ársskýrsla

Samantekt um árið 2013

Starfsáætlun 2014



Efnisyfirlit

1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR	4
1.1 STOFNAÐILAR VISKU	4
1.2 STJÓRN OG VARASTJÓRN	4
1.3 STARFSFÓLK	5
1.4 HÚSNÆÐI	5
2. SKÝRSLUR.....	6
3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2013.....	8
3.1. STYRKIR OG VILDARGJÖLD 2013	8
3.2 MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ - FRAMLÖG.....	8
3.5 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	9
3.6 SÍ- OG ENDURMENNTUN	9
4 UM FRÆÐSLUSTARFIÐ / SÍMENNTUN 2013.....	10
4.1 NÁMSKEIÐ	10
5 NÁMSMENN	12
6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJÖF	16
7. SAMSTARF OG VERKEFNI	17
7.1 KVASIR OG LEIKN	17
7.2 TÍMABUNDIN VERKEFNI	18
7.3 AÐRIR SAMSTARFSADILAR	19
7.4 VINNUMÁLASTOFNUN.....	19
7.5 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS.....	19
7.6 MENNTABRÚIN, FS NET OG KERFISLEIGA	20
7.7 ERLEND SAMSTARFSVERKEFNI	20
8 STARFSÁÆTLUN 2014.....	20
8.1 NÁMSKEIÐAHALD.....	20
9. FJARNÁM	21
9.1 FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI	21
10. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN	22

FYLGISKJAL I	24
--------------------	----

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

1.1 Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf., Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járníðnaðarmanna, Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem nú hefur verið lagt niður.

1.2 Stjórn og varastjórn

Aðalmenn

Arnar Sigurmundsson, formaður
Gunnar Gunnarsson, varaformaður
Gísli Eiríksson
Helga Björk Ólafsdóttir
Þórhildur Ragna Karlsdóttir

Varamenn

Davíð Guðmundsson
Páll Marvin Jónsson
Rúnar Bogason

Endurskoðandi: Deloitte ehf

Skoðunarmenn: Hörður Óskarsson og Guðrún Erlingsdóttir

Stjórn Visku hélt fimm bókaða fundi frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 28. maí 2013.

1.3 Starfsfólk

Stöðugildi Visku séu rúmlega tvö. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfshlutfalli og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í hálfu stöðuhlutfalli. Þjónustufulltrúar Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfa einnig í rúmlega hálfu stöðuhlutfalli fyrir Visku þó þær séu ráðnar að þekkingasetrinu. Þær eru sem fyrr Margrét Hjálmarsdóttir, sem sér að mestu um launafærslur, bókhald og símsvörun og Ester Garðarsdóttir, sem sér um skráningar, innheimtu og kemur að tómstundanámskeiðum Visku. Einnig hefur Jóhanna Lilja Eiríksdóttir komið að auknum mæli til vinnu fyrir Visku en sem verktaki í umsýslu við námskeið og kennslu.

1.4 Húsnæði

Í skýrslu Visku fyrir árið 2013 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2013 og framan af ári 2014. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað jafnt og þétt í starfsemi sem þessari hafa áhrif á framtíðarstarfsemi símenntunarmiðstöðva.



Mynd tekin við afhendingu formlegrar gæðaviðurkenningar EQM

2. Skýrslur



Þann 6. janúar 2013 voru liðin 10 ár frá stofnun Visku. Þessara tímamóta var minnst með nokkrum afmælisverkefnum á árinu sem flest tengdust sögu og mannlífi í Eyjum. Þessi verkefni og námskeið áttu það sameiginlegt að ekki var innheimt á þau sérstök þátttökugjöld. Rekstur Visku á afmælisárinu var að öðru leiti með svipuðu sniði og undanfarin ár. Reynt hefur verið frá upphafi að halda rekstrinum í góðu jafnvægi með aðhaldi í útgjöldum og tryggja um leið jákvæða niðurstöðu í rekstri. Þetta hefur tekist með góðu og öflugum starfsfólki og virku og árangursríku samstarfi við aðila innanbæjar og utan. Þótt húsnæðið í Þekkingarsetrinu að Strandvegi 50 rúmi ekki alla starfsemi Visku á álagstímum er það vel staðsett og samstarfið við starfsfólk ÞSV hefur gengið mjög vel. Á álagstímum hefur Viska leigt fundarsali og kennslustofur vegna námskeiðahalds. Vinna við undirbúning að framkvæmdum við nýtt húsnæði undir starfsemi ÞSV hefur tekið drjúgan tíma undanfarin ár. Framan af var áhugi að kaupa jarðhæð að Strandvegi 50 fyrir vaxandi starfsemi ÞSV. Þegar það gekki ekki eftir var stefnan tekin á nýbyggingu og stærra húsnæði sem rúmar fleiri fyrirtæki og stofnanir undir sama þaki. Haustið 2012 festi Viska kaup á 30% hluta í 2. og 3. hæð að Strandvegi 50 og nýtir samsvarandi húsrými fyrir starfsemi sína. Vinna ÞSV og fasteignafélags þess við undirbúning og hönnun að breytingum og stækkun á húsnæði að efri hæð að Strandvegi 30, sem er í eigu Vestmannaeyjabæjar, er nú komin á lokastig. ÞSV stofnaði fasteignafélag til að vinna að verkefninu og er gert ráð fyrir að nýtt húsnæði verði um 1300 fermetrar á einni hæð í stað 650 ferm. á tveimur hæðum í núverandi húsnæði að Strandvegi 50. Þegar þetta er sett á blað er enn verið að vinna í því að ná nægilegum fjölda leigutaka til að ganga frá leigusamningum til lengri eða skemmri tíma í nýtt húsnæði að Strandvegi 30. Hefur það verk reynst tímafrekara og snúnara en gert var ráð fyrir, enda nokkurt framboð á leiguhúsnæði undir atvinnuhúsnæði og leigugjöld mun hærri í nýbyggingu en í eldra húsnæði.

Í skipulagsskrá Visku segir að markmiðið sé að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi.

Fjölpættir samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skipta mjög miklu fyrir starfsemi símenntunarstöðva. Samningar um náms- og starfsráðgjöf er sífellt vaxandi þáttur í starfseminni og nýtir vel þann mannauð og sérþekkingu sem starfsfólk fræðslu- og símenntunarstöðva býr yfir. Vaxtabroddur í starfsemi Visku hin síðari ár hefur verið í vottuðu fagnámi, sem kefst mikils af þeim sem þar koma að verki.

Viska hefur annast framkvæmd og umsýslu með fiskvinnslunámskeiðum í Eyjum í tæpan áratug. Nú stendur yfir 40 klst. grunnnámskeið fiskvinnslufólks þar sem um 80 íslenskir og erlendir starfsmenn taka þátt. Á yfirstandandi starfsári hafa atvinnu- og kjarasamningstengd námskeið verið meira á ferðinni en oftast áður.

Umfram allt skapar starfsemi og námsframboð Visku og annarra viðurkenndra fræðsluaðila fólki á öllum aldri ný tækifæri til að afla sér meiri menntunar og nýrra tækifæra á vinnumarkaði.

Vestmannaeyjum 19. maí 2014

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar Visku



Svipmyndir úr tíu ára afmæli Visku í janúar 2013

3. Samantekt á árinu 2013

3.1. Styrkir og vildargjöld 2013

Á fjárlögum fyrir árið 2013 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanámsins og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Viðbótargreiðslur fengust seinni hluta árs vegna margra verkefna m.a. er tengdust fiskvinnslu og sjávarútvegi. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og háskólanám	21.000.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	3.486.000,-
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	3.696.000,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	15.340.000,-
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Íslenska fyrir útlendinga	828.000,-
Samtals:		44.350.000,-

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2013.

3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2013 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 21 milljón króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í nóvember 2012. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“¹ Enn fremur var gerður samningur upp á kr. 828.000 til kennslu íslensku fyrir útlendinga. Til greiðslu komu kr. 662.400.

¹ Úr samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.

3.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2013 gerði Viska samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 12.600.000 kr. ásamt aukaframlagi sem Viska fékk seinni hluta árs þegar aðrar stöðvar höfuðu skilað inn framlagi sem þær nýttu sér ekki.

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.300.000 kr. aukaframlag upp á kr. 1.186.000 og til raunfærnimats kr. 3.696.000.

3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. Starfsafl, Landsmennt, Sjómennt og Ríkismennt. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun í Vestmannaeyjum og á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, stéttarfélagin í Vestmannaeyjum, Nýsköpunarmiðstöðvar, Atvinnuþróunarfélagið, sem svo fór undir SASS á árinu, auk margra fyrirtækja og stofnana.

Starfsorka var stofnuð 23. Janúar 2010 af Visku, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, stéttarfélögum, Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ og fleirum. Viska á gott samstarf við Starfsorku og sér um að skipuleggja námsframboð sem skjólstæðingar Starfsorku hafa aðgang að.

3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50, 3. hæð. Alls hefur Viska til umráða í Setrinu tvær skrifstofur, tvær stærri kennslustofur, tvær minni fjarkennslustofur og nemendaeldhús. Á undanförunum árum hefur húsnæði í auknum mæli hamlað starfsemi Visku síðdegis og á kvöldin á meðan húsnæðið er oftast minna notað fram eftir degi. Aukning hefur þó verið á notkun húsnæðisins á dagtíma til ýmissa funda og fjölgun námskeiða á dagtíma.

3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu dreifibréfa og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísar Visku eru gefnir út tvisvar á ári með ýmsu

sniði auk þess sem facebooksíða Visku verðu jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Heimasíða Visku virðist ekki ná jafn mikilli virkni og facebooksíðan gerir.

4 Um fræðslustarfið / símenntun 2013


Árið 2013 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga í janúar og september. Í Námsvísi Visku var þjónusta Visku kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið.

Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna samanborið við árið 2012 og árin þar á undan.

4.1 Námskeið


Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti). Sem dæmi má nefna að á vorönn 2013 voru Menntastöðir kenndar í fyrsta skipti hjá Visku, 330 kennslustundir á vorönn og annað eins á haustönninni

Árið 2013 voru haldin 39 námskeið, 19 námskeið á vorönn og 20 námskeið á haustönn. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi.. Mynd 2 sýnir hvaða námskeið voru haldin og fjölda þátttakenda. Eins og sjá má þá var fjöldi námskeiða á síðasta ári alveg í hámarki og almennt var þátttaka ásættanleg. Námskeiðið Heimili og hönnun var klárlega vinsælast.



Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2013


Námskeið Visku 2013



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2013


5 Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um fjölgun nemendastunda þá er annað að sjá því fjöldi þeirra hefur breyst gríðarlega síðustu árin. Námskeiðsstundirnar á árinu 2011 eru 1.712 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 17.165 alls. Það er þó enn eftirtektarverðara að á árinu 2012 eru nemendastundirnar 27.125. Þar eru fiskvinnslunámskeið af ýmsu tagi fjölmennust og með flestar námskeiðsstundir.




Mynd 3. Myndin sýnir þróun nemendastunda á árunum 2004-2013

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA. Það er ákaflega eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni. Á árinu 2013 fjölgaði nemendastundum lítillega frá árinu 2012 þrátt fyrir að þar hefðu nýliðanámskeið fiskvinnslu hækkað meðaltalið mikið það ár og þau námskeið voru mun fámennari á árinu 2013.




Mynd 4. Myndin sýnir þróun nemendastunda eftir námskeiðum á árunum 2012-2013

Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum og það er gömul saga og ný að konur eru í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Milli ára virðist sem körlum fjölgi hjá okkur en þegar farið er ofan í tölurnar og hvers konar námskeið hafa verið haldin kemur í ljós að þar hafi verið um lyftaranámskeið eða öryggisnámskeið fyrir mjölmenn og fleira þ.h. sem hækka hlutfallið inn á milli.




Mynd 5. Myndin sýnir kynjaskiptingu á námskeiðum 2003 og fram til vors 2013



Mynd 6. Hlutfall karla og kvenna á námskeiðum Visku frá 2003-2013 (ath. aðeins vorönn 2013)


Mynd sex hér fyrir ofan sýnir þessa þróun og sjá má að sannarlega hefur karlmönnum fjölgað hjá okkur á námskeiðun en samt eru þeir alltaf í minnihluta. Árið 2008 sker sig þó úr hvað varðar litla aðsókn í hópi karlmannna.

Námskeið Visku 2013 eru flokkuð í fimm flokka. Í fyrsta flokki eru námskeið fyrir heilbrigðisstéttir og í öðrum flokki eru tungumálanámskeið, þriðji flokkur sýnir vottaðar námsleiðir FA sem eru fjármagnaðar af Fræðslusjóði. Síðan koma tómstundanámskeið og síðast námskeið sem tengjast störfum fólks eða eru til að efla persónulega færni þess. Sum tómstundanámskeið er erfitt að flokka og ættu sum þeirra heima með starfstengdum námskeiðum. Sem dæmi um það má nefna námskeið í matargerð, fatasaumi eða húsgagnaviðgerðum. Síðastnefndu námskeiðin eru hins vegar flokkuð hér sem tómstundanámskeið. Í Vestmannaeyjum voru haldin 39 námskeið á árinu 2013 í fimm ólíkum flokkum. Þetta má sjá nánar á mynd 7.



Mynd 7 Sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum árin 2012-2013

Árið 2013 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 646 að tölu, en 463 árið þar á undan. Námsmönnum fjölgaði því um 183 á milli ára. Mynd 7 sýnir fjölda námsmanna eftir námskeiðsflokkum árin 2012 og 2013 og mynd 8 sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum milli áranna 2012 og 2013.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum fyrir árið 2012 og vorönn 2013


6. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöfin síðastliðið ár var mikið í tengslum við þátttöku einstaklinga á námskeiðum, námsleiðum og raunfærnimati sem hafa verið í boði á árinu. Nokkuð hefur verið um það að áhugasamir hafi mætt í viðtal til að kynna sér nánar það sem í boði er og hafa í kjölfarið skráð sig. Þeir sem hafa verið í námsleiðum hjá okkur mæta síðan í viðtöl yfir námstímamann þar sem reynt er að mæta þörfum einstaklingsins eins og kostur er. Námshindranir eru kannaðar og fundnar mögulegar lausnir. Nemandanum er fylgt eftir og stutt er við bakið á honum eins og kostur er. Áhugasviðspróf eru vinsæl og verða sífellt vinsælli nú þegar boðið er upp á Strong próf. Einnig var námstækni, sjálfsstyrking og færnimöppugerð í boði.

Samtals voru tekin 167 viðtöl á árinu. Konur hafa verið duglegri að sækja sér náms- og starfsráðgjöf en karlar, en á árinu 2013 varða breyting á þessu þar sem að 94 karlar og 73 konur komu í ráðgjöf í Visku. Meirihluti ráðþega mættu í fleiri en eitt viðtal því vel hefur gengið að virkja þá. Mikið var sótt í ráðgjöfina og því lítil þörf því verið á kynningum í fyrirtæki. Ráðgjöfin hefur helst verið kynnt í bæklingum Visku og í lok námskeiða, og má segja að nóg hafi verið að gera þetta árið.

Raunfærnimat

Raunfærnimatið í skipstjórn, sem var í boði um haustið, reyndist gríðarlega vinsælt þar sem 16 einstaklingar fóru í gegnum matið og biðlisti myndaðist fyrir matið á næsta ári. Matið var á landsvísu og fór því ráðgjöf töluvert fram í gegnum síma og tölvupóst. Einnig voru ráðgjafar um landið nýttir eftir þörfum og var það samstarf mjög gott.



Mynd 10 sýnir fjölda ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförunum árum

7. Samstarf og verkefni


7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi- samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétttriðið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis fyrri hluta árs 2013 sátu Guðjónína Sæmundsdóttir formaður, Bryndís Þráinsdóttir ritari og Valgerður Guðjónsdóttir gjaldkeri.

Nýtt fólk var kjörið á aðalfundi vorið 2013. Óli Halldórsson formaður, Ásmundur Sverrir Pálsson ritari og Valgerður Guðjónsdóttir gjaldkeri. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk



Mynd 9. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík. Rautt táknar „aðalstöð“ og blátt táknar námsver og námsstofur.

hefðbundinna vor- og haustfunda. Vorfundur Kvasis var haldinn að Hamri í Borgarbyggð og haustfundurinn var í Varmahlíð í Skagafirði.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna. Á mynd 9 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar var Hildur Betty Kristjánsdóttir. Auk hennar eru í stjórn Leiknar Eyrún Björk Valsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Hulda Anna Arnljótsdóttir og Iðunn Antonsdóttir. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is

7.2 Tímabundin verkefni

Í janúar hélt Viska upp á tíu ára afmæli stofnunarinnar með samsæti í Alþýðuhúsinu. Var stofnaðilum, stjórn, starfsfólki og velunnurum boðið til veislunnar. Þar var m.a. Igibjörg Elsa Guðmundsdóttir og afhenti hún Visku viðurkenningu um gæðavottun fræðsluaðila EQM. Fögnum vð því takmarki. Seinna á árinu var Viska jafnframt vottuð sem formlegur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Mynd 10. Formleg viðurkenning um Evrópska gæðamerki EQM

Í apríl hélt Viska, í samstarfi við Símei, málþing um raunfærnimat í atvinnulífinu. Þetta málþing var hluti af ráðstefnuröð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, haldið með stuðningi Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Alls sóttu 50 manns málþingið sem haldið var í Pakkhúsinu á Akureyri.

Fjölmarginir fluttu erindi á málþinginu, bæði fagaðilar og þátttakendur og var tilgangurinn að varpa skýru ljósi á gagnsemi raunfærímats og hvert stefnt er með þróun þess.

Menntastöðir er nám styrkt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gerir fólki kleift að fara nýja leið að háskólanámi. Að loknum Menntastöðum geta nemendur farið á háskólabrú hjá Keili og frumgreinanám hjá Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Að lokinni háskólabrú eða frumgreinanám geta nemendur sótt í nám á háskólastigi. Viska réðst í það á rinu 2013 að kenna þetta stóra námskeið og heppnaðist það með ágætum. Óskað hefur verið eftir því að slíkt verði endurtekið en það ræðst á fjármagni frá FA og að ekki séu mörg önnur námskeið í gangi á sama tíma eins og fiskvinnslunámskeiðin sem tæma nokkuð úr úthlutun frá FA þegar þau eru kennd.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í góðu samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og leiðbeinendur á lengri námskeiðum Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

7.4 Vinnumálastofnun

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um náms- og starfsráðgjöf en vegna þess að í Vestmannaeyjum er næga vinnu að hafa hefur Viska ekki haldið námskeið fyrir Vinnumálastofnun sérstaklega. Þó hafa einstaklingar komið á vegum VMST í námsleiðir.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu um að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun og bætta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat.

7.6 Menntabréin, FS net og kerfisleiga

Viska á hlut (1/27 hluti) í svokallaðri Menntabré á samt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum innan Kvasis, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Langflestir fjarfundir (kennsla fjarnemenda frá HA) fara fram í gegnum Menntabréna. Forstöðumaður heldur utan um alla fjarkennslu og fjarfundi hjá Visku. Árið 2011 var tekin í notkun ný Menntabré vegna háskólanámsins sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnaði. Langflestir fjarfundir fóru í gegnum nýju Menntabréana en fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis héldu áfram að nota gömlu brúna fyrir snín námseið og fundi. Gamla menntabréin er komin til ára sinna og verður ekki notuð mikið lengur.

Jóhann Ingólfsson situr í stjórn FS netsins fyrir hönd Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni.

7.7 Erlend samstarfsverkefni

Á síðasta ári hófst norrænt verkefni sem kallast Ordinord og er í samstarfi við hin Norðurlöndin og Grænland. Verkefnið fjallar um lesblindu og skiptast þátttakendur á leiðum og lausnum til að ná sem bestum árangri í vinnu með lesblindu hjá fullorðnum. Fyrsti fundur var hér í Eyjum í október sl. og gekk mjög vel.


8 Starfsáætlun 2014

Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2013. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2014 var afar blómlegt og skemmtilegt það má því segja að það hafi verið fjör í Visku. Svo virðist sem aðsókn í tómstudnanámskeið hafi aukist aftur og þó ekki sé hallað á eitt námskeið fremur öðru þá verður að hrósa sérstaklega hópnum sem hittist fjórar helgar og saumaði sér íslenskan þjóðbúning. Nú þegar hafa verið haldin

19 námskeið og námsmenn eru 190 talsins og eru þá ekki með taldir þeir 90 einstaklingar sem sækja fiskvinnslunámskeið nú í máí og júní.



Mynd 11 sýnir upplýsingar um námskeið á vorönn 2014

9. Fjarnám

9.1 Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur ekki fjölgað hin síðustu ár. Greinum sem kenndar eru í fjarnámi hefur hins vegar fjölgað. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins heima fyrir en ekki í fjarfundabúnaði nema ákveðnar greinar. Fjarnemar nýta þó húsnæði Visku til námsaðstöðu og próftöku. Fjölgun er á nemum frá Keili. Viska stefnir áfram á að geta boðið öllum nemum er stunda fjarnám aðstöðu.



Myndirnar eru teknar af námskeiðum í vetur



10. Samantekt og framtíðarsýn

Árið 2013 var ár afmælis, fjölbreytilegra verkefna og gleði. Heimsóknir og þátttaka á námskeið voru fjölbreytt og einkenndist árið af ólíkum verkefnum. Almenn starfsemi var þó lík því sem verið hefur þrátt fyrir allan fjölbreytileikann. Stjórnarmenn tóku virkan þátt í starfseminni og glöddust með starfsfólki Visku á afmælsihátíð sem haldin var í Alpýðuhúsinu. Námskeiðahald var eftir sem áður umfangsmesti þáttur starfseminnar þó aukin starfsemi við raunfærnimat og annað bættist við. Haldin voru 40 námskeið í mismundadi flokkum og nemendastundir voru 28.045. Heildarfjöldi þátttakenda árið 2013 var 673 einstaklingar og eins og áður heldur fleiri konur en karlar. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga komust aftur á kortið því sóst var eftir því á nýjan leik af þeim útlendingum sem hér búa og fögnum við því.

Samstarf við Bifröst, Keili og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur áfram verið með ágætum og er það mikill styrkur að vera í falegu samstarfi við aðrar menntastofnanir og faglega bakhjarla.

Það eru spennandi tímar framundan í framhaldsfræðslunni og gnótt verkefna. Atvinnulífið hefur sóst eftir aukinni verk- og tæknimenntun og ljóst að við verðum að verða við því kalli á símenntunarsviðinu. Starfsfólk Visku og stjórn munum leitast við að standa vörð um sveigjanleika í námi áfram sem hingað til og taka hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Það er von okkar að áfram sem hingað til verði það aðlögunarhæfni og sveigjanleiki miðstöðvarinnar sem veldur því að einstaklingar sækjast eftir því að fá þjónustu okkar.

Það er margt gott sem verið er að gera í skólamálum í dag hér á landi en alltaf má gera betur. Við þurfum að vera sýnilegri og halda á lofti

umræðunni um mikilvægi sköpunar í námi. Sköpun gerir námið fjölbreyttara, skemmtilegra og sveigjanlegra. Námsmenn fara ólíkar leiðir til að læra og þróa hugmyndir sínar. Þeir þurfa tækifæri til að kynnst margs konar umhverfi, kringumstæðum, aðferðum og efniviði til að finna þá leið sem hentar þeim.

Vestmannaeyjum 26.. maí 2014
Fyrir hönd Visku

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður



Myndin er tekin á veitingum frá þátttakanda við útskrift úr íslensku fyrir útlendinga 2014

Fylgiskjal I

Rekstraráætlun Visku 2014

Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2014	kr. 21.700.000
Samningar v/FA um vottaðar námsleiðir	kr. 10.900.000
Samn. v/FA náms-starfsráðgj. & raunf.mat	kr. 6.398.000
Menntam.ráðuneyti - Ísl. fyrir útlendinga	kr. 1.500.000
Námsleiðir þátt.gjöld	kr. 2.000.000
Almenn námskeið – þátt. gjöld.	kr. 4.000.000
Aðrar tekjur	kr. 500.000
Fjármagnstekjur -nettó-	kr. 1.500.000

Samtals tekjur	Kr. 48.498.000
----------------	----------------

Gjöld:

Laun starfsfólks, m/launatenglum ofl.	kr. 15.700.000
Ferðakostnaður starfsfólks	kr. 800.000
Húsaleiga og þjónustuskrifstofa	kr. 5.900.000
Þóknun til stjórnar & varastj.m/launat.	kr. 2.300.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat ofl.	kr. 12.000.000
Bókhald og endurskoðun ofl.	kr. 1.000.000
Stofnbúnaður	kr. 4.500.000
Upplýsingakerfi, sími og Fsnet	kr. 3.500.000
Annar kostnaður	kr. 1.800.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr. 47.500.000
Tekjur umfram gjöld	kr. 998.000

Rekstraráætlun Visku 2014, rekstrartekjur, útgjöld og stofnbúnaður var tekin til umræðu og afgreiðslu á stjórnarfundi 17. janúar 2014.

Vestmannaeyjum 17. janúar 2014 – Arnar Sigurmundsson.